

Aðalfundur Félags Kúabænda Suðurlandi haldinn rafrænt sem fjarfundur 25. febrúar 2021.

Aðalfundur Félags kúabænda á Suðurlandi var haldinn sem rafrænn fundur þann 25. febrúar 2021. Rafn Bergsson formaður setti fund kl. 10.05. Hann tilnefndi Harald Einarsson á Urriðafossi sem rafrænan fundarstjóra, Höskuld Sæmundsson hjá LK sem rafrænan kosningastjóra og Gunnar Ríkharðsson hjá BSSL sem fundarritara. Því var ekki mótmælt.

Fundarstjóri byrjaði á að fara yfir ýmis tæknileg atriði en síðan var gengið til dagskrár.

Á fundinn voru mættir rúmlega 30 félagar með rafrænni tengingu.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar – Rafn Bergsson formaður
2. Reikningar félagsins – Borghildur Kristinsdóttir gjaldkeri
3. Umræður um skýrslu og reikninga
4. Kosningar:
 - a. Kosinn formaður félagsins -Rafn Bergsson gefur ekki kost sér.
 - b. Kosnir 9 fulltrúar í Félagsráð og 3 til vara
 - c. Kosnir 2 skoðunarmenn og 2 til vara.
 - d. Kosnir 6 fulltrúar á Aðalfund LK 9-10 apríl 2021
 - e. Kosnir 5 fulltrúar á Aðalfund BSSL
5. Herdís Magna Gunnarsdóttir formaður LK fer yfir starf samtakanna
6. Oddný Steina Valsdóttir kynnisr tillögur að breyttu félagskerfi Bændasamtakanna.
7. Búnaðarsamband Suðurlands veitir viðurkenningar fyrir afurðahæsta sunnlenska kúabúið, afurðahæstu kúna og þyngsta nautið árið 2020 .
8. Önnur mál.

1. Skýrsla formanns – Rafn Bergsson

Ágætu félagar.

Ég býð ykkur velkomin á þennan aðalfund Félags kúabænda á Suðurlandi sem er sá þrítugasti og sjötti í röðinni, en sá fyrsti sem er haldinn sem rafrænn fjarfundur. En heimsfaraldur kórónuveiru hefur áhrif á starfsemi þessa félags líkt og annarra. En faraldurinn hefur líka kennt okkur að nýta betur þá tækni sem er í boði og er magnað að fylgjast með hversu hratt allskonar rafrænar lausnir hafa komið fram og hversu fljótt fólk er að tileinka sér þær.

Á félagsráðsfundi ræddum við um möguleika varðandi að halda aðalfund í ljósi sóttvarnaráðstafana. Var ákveðið að fara þessa leið að halda fundinn rafrænt þetta árið þar sem óvissa ríkti um hvenær hægt yrði að halda fund með hefðbundnu sniði, þó vissulega sé skemmtilegra að halda svona fund sem staðarfund og geta tekið spjallið yfir kaffibollanum svona á milli dagskrárliða. En vonandi fara að koma fleiri tækifæri til þess með hækkandi sól. Haraldur Einarsson ritari félagsins og Höskuldur Sæmundsson starfsmaður LK hafa séð um öll tæknimálin varðandi fundinn og langar mig að þakka þeim fyrir þeirra vinnu.

Líkt og ég sagði áður þá hefur kórónuveiran haft áhrif á starfsemi félagsins sem hefur verið með minnsta móti síðasta árið. Félagsráðið fundaði tvisvar. Fyrri fundurinn var haldinn 25. feb 2020 í fundarsal Auðhumlu á Selfossi. Þar var Borghildur Kristinsdóttir kosinn gjaldkeri og Haraldur Einarsson ritari. Þar voru einnig kosnir 5 fulltrúar til að sitja aðalfund Búnaðarsambands Suðurlands. Þar voru einnig unnar tillögur til að leggja fyrir aðalfund LK sem dagsettur var 27-28 mars en frestaðist svo og var ekki haldinn fyrr en 6.nóvember. Frá okkur fóru 6 tillögur á fundinn.

Félagsráð fundaði svo aftur 2. febrúar 2021. Sá fundur var haldinn rafrænt og gekk vel. Ég held að þetta sé lausn sem gæti verið spennandi að nota áfram þó ekki sé heimsfaraldur. Sérstaklega fyrir félag eins og þetta þar sem starfssvæðið er svona stórt. Á þann fund kom Gunnar Eiríksson formaður Búnaðarsambandsins og ræddi við okkur um starfsemina, Stóra Ármót ofl.

Mjólkurframleiðslan á liðnu ári gekk vel og held ég að mjólkurframleiðendur geti þokkalega vel við unað hversu lítill samdráttur var í sölu með tilliti til hruns í komu erlendra ferðamanna. Heildar innvigtun á landinu var 151,2 millj lítra og líkt og áður voru tæp 40% framleiðslunnar hér á Suðurlandi.

Mjólkurframleiðendur voru 191 á svæðinu um síðustu áramót og hafði fækkað um 5 frá árinu áður. Að meðaltali lögðu sunnlenskir framleiðendur inn tæpa 297 þús lítra og árskýrin mjólkaði 6.416 lítra.

Nautakjötsframleiðslan hefur farið mun verr út úr samdrætti í ferðapjónustu. Þar hafa orðið talsverðar verðlækkningar auk þess sem nú eru orðnir erfiðleikar við að koma gripum í slátrun. Það þarf með einhverjum leiðum að styrkja starfsumhverfi þessarar framleiðslu svo hún geti þróast áfram og tryggt bændum ásættanlega afkomu.

Þar skipta tollamálin miklu máli en þau hafa einmitt verið mikið til umfjöllunar síðustu misseri. Þar hefur Erna Bjarnadóttir unnið mikið starf fyrir okkur bændur og ýmislegt sérkennilegt komið í ljós. Þó að tollverndin sé orðin alltof veik þá er allavega lágmark að farið sé eftir þeim leikreglum sem í gildi eru og vörur séu tollaðar í réttan flokk og þau gjöld greidd sem greiða ber. Vonandi næst árangur í þessum málum.

Nú á eftir kjósum við formann félagsins og ég gef ekki kost á mér til endurkjörs. Fyrir mig var það að stíga talsvert út fyrir þægindarammann eins og sagt er að gefa kost á mér í þetta embætti. Ég er búinn að gegna þessu embætti í 4 ár og hefur þetta verið bæði ansi skemmtilegur og lærdómsríkur tími og langar mig að þakka öllum þeim sem ég hef kynnst og starfað með í tengslum við þetta starf kærlega fyrir góð kynni.

Aðlokum vil ég þakka meðstjórnendum mínum Haraldi og Borghildi fyrir samstarfið síðastliðið ár.

Takk fyrir mig.

2. Reikningar félagsins – Borghildur Kristinsdóttir, gjaldkeri

a) Borghildur Kristinsdóttir gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins fyrir árið 2020.

Rekstrarreikningur - Félag Kúabænda Suðurlandi			
	2020	2019	2018
REKSTRARTEKJUR:			
Árgjöld	1.283.300	1.209.080	1.235.580
Árgjöld eldri	0	0	43.000
Styrkur LK	168.705	175.258	312.978
Rekstrartekjur alls	1.452.005	1.384.338	1.591.558
REKSTRARGJÖLD:			
Ferðakostnaður	269.952	417.430	395.120
Stjórnarlaun	489.200	452.400	409.000
Fundakostnaður ofl	215.850	102.491	229.420
Árgjöld til BSSL			275.000
Aðkeypt þjónusta	262.657	318.929	
Rekstrargjöld alls	1.237.659	1.291.250	1.308.540
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði	214.346	93.088	283.018
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:			
Vaxtatekjur	11.594	36.964	38.678
Fjármagnstekjuskattur	-1.122	-10.018	-8.509
Fjármunatekjur alls:	10.472	26.946	30.169
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	224.818	120.034	313.187
Efnahagsreikningur - Félag Kúabænda Suðurlandi			
	2020	2019	2018
EIGNIR			
Skammtímakröfur	47.538	43.449	
Bankainnistæður	2.131.913	1.908.964	1.843.929
EIGNIR SAMTALS	2.179.451	1.952.413	1.843.929
EIGIÐ FÉ:			
Annað eigið fé í upphafi árs	1.952.413	1.832.379	1.519.192
Hagnaður ársins	224.818	120.034	313.187
Eigið fé alls	2.177.231	1.952.413	1.832.379
Skammtímaskuldir alls	2.220	0	11.550
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS	2.179.451	1.952.413	1.843.929

b) Tillaga frá stjórn um að árgjald FKS 2021 og stjórnarlaun verði óbreytt frá fyrra ári.
„Aðalfundur FKS 2021 samþykkir að árgjald verði miðað við útgefið lágmarksverð til bænda með greiðslumark í afurðastöð og jafngildi 80 lítra mjólkur á hvert bú. Laun formanns verði árlega miðað við jafngildi 2.500 lítra mjólkur. Laun ritara og gjaldkera verði árlega miðuð við 1.250 lítra mjólkur. Greitt verði fyrir akstur félagsráðsmanna og stjórnarmanna samkvæmt ríkistaxta pr kílómeter.“

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Fundarmenn þökkðu fráfarandi formanni vel unnin störf á liðnum árum.

Reikningar og tillaga um árgjald síðan samþykkt samhljóða.

4. Kosningar

Nú var komið að rafrænum kosningum skv dagskrá en þeim var í framkvæmd dreift á milli annarra liða á fundinum til að nýta tímann. Kosningastjóri fundarins var Höskuldur Sæmundsson starfsmaður LK og er stuðst við skýrslu hans hér á eftir.

Áður en kosningar hófust tilkynnti fundarstjóri að Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir kúabóndi í Stóru-Mörk undir Vestur-Eyjafjöllum hefði gefið kost á sér til formanns félagsins. Hélt hún síðan stutta rafræna kynningu á sér og sínum aðstæðum.

Kosningar fóru fram í gegnum QuestionPro með þeim hætti að hvert skráð netfang á fundinum fékk sendan kosningaseðil og var einungis hægt að greiða atkvæði einu sinni í hverri kosningu.

- a) **Kosning formanns:** Alls voru greidd 30 atkvæði og fékk Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir 28 atkvæði, einn seðill var ógildur og eitt atkvæði var greitt öðrum. Skoðast Aðalbjörg því réttkjörinn formaður Félags kúabænda á Suðurlandi.
- b) **Til Félagsráðs** bárust 14 framboð um 9 aðalsæti og 3 sæti til vara. Eftirtaldir fengu greidd atkvæði og ræður atkvæðafjöldi röð aðal og varamanna.

Aðalmenn:

1	Haraldur Einarsson – Urriðafossi	25
2	Borghildur Kristinsdóttir – Skarði	24
3	Elín Heiða Valsdóttir – Úthlíð	24
4	Anne B. Hansen – Smjördölum	22
5	Arnfríður S. Jóhannsdóttir - Herjólfsstöðum	21
6	Hrafnhildur Baldursdóttir - Litla-Ármóti	21
7	Magnús Örn Sigurjónsson - Eystri-Pétursey	19
8	Reynir Þór Jónsson - Hurðarbaki	18
9	Arnór Hans Þrándarson - Þrándarholti	16

Varamenn:

V1	Jóhann Jensson - Fit	16
V2	Axel Páll Einarsson - Syðri-Gróf	10
V3	Tómas Sturlaugsson - Króki, Biskupstungum	10

c) Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar að skoðunarmenn reikninga verði þeir sömu og áður þ.e. Jón Vilmundarson Skeiðháholti og Grétar Sigurjónsson Smjördölum og varamenn Arnfríður Jóhannesdóttir á Herjólfstöðum og Inga Birna Baldursdóttir Seli. Samþykkt samhljóða.

d) Kosning 6 fulltrúa á aðalfund LK:

Bara þeir sem eru félagar í LK eru kjörgengir en allir félagar í Félagi kúabænda á Suðurlandi hafa kosningarétt. Röð varamanna var ákveðin með hlutkesti en alls fengu 8 aðilar eitt atkvæði.

Fulltrúar á aðalfund LK

Aðalbjörg Rún Ásgerisdóttir	StóruMörk	24
Berglind Hilmarsdóttir	Núpi 3	23
Haraldur Einarsson	Urriðafossi	24
Magnús Örn Sigurjónsson	Pétursey	21
Samúel U. Eyjólfsson	Bryðjuholti	20
Reynir Jónsson	Hurðarbaki	18

Varamenn:

Borghildur Kristinsdóttir	Skarði	3
Anne B Hansen	Smjördölum	3
Hrafnhildur Baldursdóttir	Litla-Ármóti	2
Kristinn Guðnason	Þverlæk	1
Sigríður Björk Ólafsdóttir	Fit	1
Ásmundur Lárusson	Norðurgarði	1

e) Kosning 5 fulltrúa á aðalfund BSSL

Samþykkt að vísa þessu til nýkjörins félagsráðs.

5. Erindi : Herdís Magna Gunnarsdóttir formaður LK

Herdís fór yfir helstu mál sem snerta starfsemi félagsins á liðnu ári og á næstunni.



AÐALFUNDIR AÐILDARFÉLAGA LANDSSAMBANDS KÚABÆNDA

2021

STÖÐUTÉKK

Framleiðsla og sala árið 2020

- Mjólkurframleiðslan
- Nautakjötsframleiðslan

Viðskipti með greiðslumark

Félagskerfi bænda


Aðalfundur



FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKUR

- Innviðtun mjólkur 151,2 milljón lítrar
 - 0,4% minni framleiðsla en 2019
 - Sala á fitugrunni 142,8 milljón lítrar
 - Samdráttur í sölu um 1,5% á fitugrunni en 2019 var slegið **Íslandsmet** í sölu á fitugrunni
- Sala á próteingrunni 122,5 milljón lítrar
 - 3,8% samdráttur í sölu á próteingrunni.
 - Þriðja árið í röð sem sala dregst saman á próteingrunni
- Mjólkuruppgjör 2020 liggur ekki enn fyrir – er í nánari skoðun hjá LK
- Samkvæmt framleiðsluspá verður innviðtun um **143,6-145,1 milljón lítrar**
 - Söluspá 145 m. ltr.
- Greiðslumark áfram 145 milljón lítrar
- Framleiðsluskylda áfram í 100%

MÁNAÐARLEG INNVIÐTUN



MARKAÐSFYRIRKOMULAG GREIÐSLUMARKS MJÓLKUR

Kvótamarkaðir tóku við af innlausn ríkisins.

Haldnir voru þrín kvótamarkaðir á árinu (apríl, september, nóvember)

Hámarksverð var tvöfalt afurðastöðvaverð á fyrsta kvótamarkaðnum 1. apríl.

Þíðan fest í sessi þrefalt afurðastöðvaverð út árið 2023.



VIÐSKIPTI MEÐ GREIÐSLUMARK

Viðskipti með 3.379.629 ltr. á árinu 2020.


Nóvembermarkaðurinn var næststærsti markaður frá upphafi þegar viðskipti voru með 1.948.299 ltr.

Market/redemption	Demand	Supply	Trade
01.12.2010	876.277	927.871	138.555
01.04.2011	1.601.620	408.090	229.072
01.11.2011	1.025.037	901.813	no info
01.04.2012	1.522.805	488.756	488.756
01.11.2012	1.480.279	1.105.739	1.095.739
01.04.2013	2.624.697	711.781	711.781
01.11.2013	1.067.714	1.034.438	874.438
01.04.2014	71.784	1.891.961	35.000
01.09.2014	16.666	235.990	12.219
01.11.2014	112.404	189.917	48.654
01.04.2015	610.000	342.933	167.933
01.09.2015	950.000	367.368	367.368
01.11.2015	193.000	1.306.169	170.109
01.04.2016	1.485.000	804.676	724.676
01.09.2016	2.452.800	1.877.284	1.624.411
01.11.2016	3.580.580	5.941.905	2.706.508
01.03.2017	2.386.000	1.061.298	1.061.298
01.05.2017	1.253.000	322.973	322.973
01.09.2017	990.000	497.974	497.974
01.11.2017	1.824.310	488.286	488.286
01.03.2018	9.178.367	607.189	607.189
01.05.2018	33.302.367	1.044.193	1.044.193
01.09.2018	14.849.711	179.965	179.965
01.11.2018	2.152.844.999	175.890	175.890
01.03.2019	9.471.498	60.140	60.140
01.05.2019	8.702.000	22.300	22.300
01.04.2020	9.836.190	586.046	585.981
01.09.2020	9.762.556	845.349	845.349
01.11.2020	9.218.000	1.948.334	1.948.299


NAUTAKJÖTSMARKAÐURINN

- Sala á innlendu 4.667 tonn árið 2020
- Sölusamdráttur um 3,1% milli ára
- Innflutningur 1.122 tonn árið 2020 (leiðr. f. beini)
 - Dregst saman um 17,9% milli ára
 - Útefinn kvóti 2020 var uppá 652 tonn af nautakjöti (ESB, EFTA, WTO). 701 tonn voru hinsvegar flutt inn (óleiðr.). Það var því hægt að flytja inn 93% innan kvóta. (59% árið 2019)
- Hlutdeild innanlandsframleiðslu 80,6% árið 2020
 - Var 68,18% árið 2015
- Innflutningur á ófrosnu kjöti nam ekki nema 5,5 tonnum árið 2020

STÖÐUGT HÆRRA
HLUTFALL
INNFLUTNINGS
RÚMAST INNAN
TOLLKVÓTA




ÚTHLUTUN TOLLKVÓTA




- Eftirspurnin mun meiri en framboðið hverju sinni.
- Athygli vekur að eftirspurn á fyrsta tímabili 2021 sé á pari við seinna tímabil 2020, þrátt fyrir að tímabilið hafi verið stýtt og covid er í gangi.

VATN



ÞRÓUN FLOKKUNAR



NÝTT FÉLAGSKERFI BÆNDA

- Nýtt skipulag byggist á þeirri sýn að Bændasamtök Íslands séu öflugt félag bænda sem er í virkum tengslum við neytendur og stjórnvöld á hvejrur tíma.
- Til að ná þessu fram eru lögð fram nokkur atriði til að hafa að leiðarljósi
 - Sérþekking og virði – Til staðar sé starfsfólk með sérþekkingu á starfsumhverfi landbúnaðar og öllum sviðum búrekstrar.
 - Framþróun – að afurðir séu í takt við óskir neytenda og nýsköpun í starfsháttum sé í fyrirrúmi.
 - Gæði – Með megináherslu á umhverfismál, ferskleika og vottanir.
 - Fæðuöryggi – Sem best tryggt í virku samstarfi við bændur og stjórnvöld.
- Félagsmenn verða beinir aðilar að BÍ
 - Búnaðarsambönd verða aðildarfélög BÍ með skilgreind hlutverk
 - Bændasamtökin verða byggð upp af deildum/sviðum búgreina
 - Vor, Beint frá býli og Samtök ungra bænda munu starfa þvert á búgreinar

BÚNAÐARÞING

- Stærri mál sem snerta heildarhagsmuni
- Fulltrúafjöldi er 63
- 54 fulltrúar búgreina
- Félög þvert á búgreinar með 1 fulltrúa hver
- Búnaðarsambönd með 6 fulltrúa samtals, einn frá hverju svæði

Réttislaus um landið frá Reykjanesi:

1. Bsh. Kjálamesþings, Bst. Vesturlands, Bsh. Vestfirða
2. Bsh. Húnaþings og Stranda, Bsh. Skagfirðinga
3. Bsh. Eyjafjarða, Bsh. S-Hringeyinga, Bsh. N-Hringeyinga
4. Bsh. Austurlands
5. Bsh. A-Skaftafellssýsla (svæði Bsh. Suðurlands að Sólheimasandi)
6. Bsh. Suðurlands frá Sólheimasandi að svæði Bsh. Kjálamesþings



FÉLAGSKERFI BÆNDA

- Aðalfundarályktun 2020
- Formannafundur mánudaginn 22. febrúar
- Ljóst er að sameining búgreinafélaga undir BÍ getur haft í för með sér mikla hagræðingu fyrir hagsmunagæslu landbúnaðarins í heild. Samnýting starfsfólks með mismunandi styrkleika ætti að efla hagsmunagæslu fyrir hverja búgrein. Mikilvægt er að sameining feli í sér styrkingu á hagsmunagæslunni með einföldum og skilvirkum verkferlum.

Framkvæmdastjóri	Fjármálastjóri	Bókhald
Þjónustufulltrúi	Hagræðingur	Lögfræðingur
Upplýsingafulltrúi	Útgáfusvið	Sérfræðingur í markaðsmálum
Félagsmál	Þróun og nýsköpun	Annað!

HELSTU BREYTINGAR

Starfsemi LK fer undir hatt BÍ – deild kúbænda

Stjórn LK verður að stjórn búgreinadeildarinnar

Ekki sérstakur starfsmaður LK – aðgangur að fleiri starfsmönnum með sérþekkingu á hverju sviði + tengiliður búgreinar.

Aðildarfélög LK verða að öllu leiti sjálfstæð – ekki aðildarfélög að BÍ

Bein félagsaðild bænda að BÍ – félagsgjöld til LK falla niður við sameiningu.

Kosning fulltrúa inná búgreinaþing er ekki bundin félagsaðild að öðrum félögum en BÍ, heldur ákveðinni svæðisskiptingu landsins.

MANNAUÐUR

 Stjórn deildarinnar samanstendur af formanni og 4 meðstjórnendum og skal kosin á búgreinaþingi ár hvert.

 Fulltrúaféldi á búgreinaþingi fer eftir fjölda framleiðenda sem skráðir eru í BÍ á hverju landsvæði.

 Nautgripaáætlunin á 14 fulltrúa inná búnaðarþing (e.v. númeraði Bógist) og verða þeir kosin á búgreinaþingi. Gerð er krifa um lausfrjállega dröfingu.

Fulltrúi nautgripaáætlarinnar sem kosinn er á Búnaðarþingi í stjórn BÍ mun sitja alla fundi stjórnar

 Formaður deildar situr í búgreinaráð/stjórn BÍ til stuðnings og ráðgjafar.

 Ákveðin starfsmaður BÍ verður teygður búgreinar inn í BÍ og fylgir verkefnum áfram í samvinnu við stjórn búgreinadeildar.

HVAÐ VERÐUR UM LK?

- Landssamband kúabænda verður ekki slitið en verður óvirkt félag. Kennitalan verður áfram til og eignum LK verður haldið aðgreindum en öll starfsemi færast undir BÍ.
- Félagatal þessa óvirka félags uppfærst og tekur á hverjum tíma mið af þeim félögum sem eru innan nautgriparræktardeildar BÍ.
 - Félagsmenn sem hætta í viðkomandi búgrein falla út af félagatali.
- Stjórn nautgriparræktardeildar BÍ hverju sinni verður sjálfkrafa stjórn í þessu óvirka félagi og fer með umsjón sjóðs LK. Útbúnaar verða verkreglur um ráðstöfun úr sjóðnum.
- Búgreinaþing heldur aðalfund LK og samþykkir ársreikning. Ef engin starfsemi er í félaginu er sú framkvæmd mjög einföld og vinna við ársreikning mjög litil.
- Markmiðið er að vinna og umstang í kringum þetta verði sem allra minnst auk þess að upplifun hins almenna félagsmanns verði einföldun og að eftir breytingar verði um ein heildstæð samtök að ræða sem þó taki tillit til mismunandi þarfa búgreina.

TENGING VIÐ GRASRÓTINA

- Landinu er skipt upp í 6 svæði
 - Fundir verða haldnir á hverju svæði fyrir sig, eins margir og þurfa þykir.
 - Núverandi aðildarfélög eiga ekki sína fulltrúa á búgreinaþinginu heldur koma þeir í gegnum viðkomandi svæði.
 - Rafræn kosning vs. kosning á fundum?
 - Kúabændafélög í héraðum geta eftir sem áður sent inn tillögur á búgreinaþing.
 - Allir félagsmenn í BÍ hafa tillögurétt.
 - Hægt er að styðjast við deildarfundar-fyrirkomulag líkt og þekktist hjá t.d. Auðhumlu.

AÐALFUNDUR

- Dagsettur 9.-10. apríl
- Stefnum á að halda staðarfund á Hótel Sögu
- Ekki áætluð árshátíð
- Litið til þess að fagþing verði í formi rafrænna funda
- Verður kynnt betur þegar sóttvarnaraðgerðir liggja fyrir

TAKK FYRIR

Fjörugar umræður urðu um ýmis mál sem tengdust erindi Herdísar. Má þar nefna uppgjör á innleggi mjólkur 2020, kvótamarkað, nýtingu á mjólk við vinnslu í mjólkurbúum, stöðu bænda, tollvernd og nýtt félagskerfi. Þá kom fram hjá Herdís að LK ætti um 160 milljónir í sjóðum núna og ekki væri hugmyndin að þeir fjármunir rynnu inn í BÍ við sameiningu, heldur gætu kúabændur einir ráðstafað þeim í framtíðinni. Herdís sá fyrir sér að þá fjármuni mætti nota til að styrkja ýmisleg stór sameiginleg verkefni kúabænda t.d. erfðamengisúrval.

Nýtt félagskerfi landbúnaðarins

Öflugt félag í virkum tengslum við neytendur og stjórnvöld



Aðdragandi

- ✓ Langur aðdragandi
- ✓ Ályktað á Búnaðarþingi 2020
- ✓ Stjórn falið að vinna tillögur
 - ✓ öflug heildarsamtök
 - ✓ bein aðild
 - ✓ tvær stoðir

Hverju viljum við ná fram með nýju kerfi?

- ✓ Tryggja sérþekkingu og virði
- ✓ Framþróun
- ✓ Gæði
- ✓ Fæðuöryggi

Sameining búgreinafélaga og BÍ

Aðildarfélög



Félagsmenn verða beinir aðilar að BÍ




Búnaðarsambönd
verða aðildarfélög BÍ
með skilgreind
hlutverk

Bændasamtökin verða
byggð upp af
deildum/sviðum
búgreina

Vor, Beint frá býli
og Samtök ungra
bænda munu
starfa þvert á
búgreinar

Nýtt félagskerfi og öflugri hagsmunasamtök

Yfirlitsmynd



Búgreinaping

- ✓ **Hver búgrein heldur Búgreinaping**
- ✓ **Fjölmennum búgreinum ber að tryggja landfræðilega dreifingu á Búgreina og Búnaðarþing**
- ✓ **Það verður stjórn yfir hverri búgreinadeild. Formaður deildarinnar situr í búgreinaráði.**

Búnaðarþing

- ✓ **Stærri mál sem snerta heildarhagsmuni**
- ✓ **Fulltrúafjöldi 63**
- ✓ **Fulltrúar búgreina samtals 54**
- ✓ **Félög þvert á búgreinar kjósa einn fulltrúa**
- ✓ **Búnaðarsambönd með 6 fulltrúa samtals, einn frá hverju svæði**

Nánari skipting búnaðarsambanda

Réttisælis um landið frá Reykjanesi:

1. Bsb. Kjalarnesþings, Bst. Vesturlands, Bsb. Vestfjarða
2. Bsb. Húnaþings og Stranda, Bsb. Skagfirðinga
3. Bsb. Eyjafjarðar, Bsb. S-Þingeyinga, Bsb. N-Þingeyinga
4. Bsb. Austurlands
5. Bsb. A-Skaftafellssýslu (svæði Bsb. Suðurlands að Sólheimasandi).
6. Bsb. Suðurlands frá Sólheimasandi að svæði Bsb. Kjalarnesþings



Fulltrúar búgreina inn á Búnaðarþing verða alls 54. Hver búgreinadeild fær að lágmarki einn fulltrúa á þingið en eftir það skiptist fjöldi fulltrúa á milli búgreina þar sem velta greinarinnar hefur 50% vægi og fjöldi félagsmanna 50% vægi. Félagatal samtakanna skal liggja fyrir í árslok fyrir komandi Búnaðarþing til grundvallar við skiptingu fulltrúa.

Tímalína

- **4. mars netlæg kynning**
- **Búnaðarþing 22. og 23. mars**
- **Aðalfundir aðildarféлага BÍ**
- **Aukabúnaðarþing 10. júní**
- **Nýtt kerfi taki við 1. júlí**

Takk fyrir !



Að loknu erindinu fékk Oddný ýmsar spurningar. Þær vörðuðu m.a. ákvörðun félagsgjalda hjá nýjum samtökum bænda, stöðu á Hótel Sögu, hvernig búnaðar- og búgreinafélög heima í héraði tengjast nýjum samtökum ofl.

7. Verðlaunaveiting Búnaðarsambands Suðurlands – Sveinn Sigurmundsson framkvæmdastjóri BSSL

Búnaðarsamband Suðurlands veitir þrenn verðlaun á hverju ári til kúabænda á Suðurlandi – fyrir afurðahæsta búíð, afurðahæstu kúna og þyngsta ungnaut sem lagt er inn í sláturhús.

- a) Afurðahæsta kúabúíð á Suðurlandi 2020 var hjá Fanneyju og Reyni á Hurðarbaki í gamla Villingaholtshreppi en meðalafurðir hjá þeim voru 8.445 kg/árskú.
- b) Afurðahæsta kýrin á Suðurlandi 2020 var Ösp 1280 hjá Fjólu og Sigurði í Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi en Ösp mjólkaði 14.062 kg
- c) Þyngsta ungneitið sem lagt var inn í sláturhús á Suðurlandi 2020 var Limousin og Angus blendingur nr. 2369 hjá Berglindi og Arnari í Gunnbjarnarholti í Gnúpverjahreppi en fallið af því var 515,7 kg

8. Önnur mál

Rætt var um tollamál og samkeppnismál og einnig sagði Samúel í Bryðjuholti frá því að skv landslögum væri kostnaður vegna gleraugnakaupa frádráttarbær frá rekstrartekjum.

Að endingu var nýjum fulltrúum óskað velfarnaðar í sínum störfum og Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir nýkjörin formaður Félags kúabænda á Suðurlandi þakkaði fundarmönnum þáttöku í fundinum og sleit fundi um kl 13.